



Mosaic

Clubhouse

126 Atkins Road
Balham
London
SW12 0AN

Tel: 020 8674 2349 Fax: 020 8671 7835
info@mosaic-clubhouse.org www.mosaic-clubhouse.org

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN - ÞJÁLFUN

Klúbbur: Klúbburinn Geysir

Tími þjálfunar: 18/10/10 – 5/11/10

Nöfn þátttakenda:

Heimilisfang:

Þjálfunarteymi:

Sigríður Gísladóttir
Kjartan Emil Sigurðsson
Ester Auður Elíasdóttir

Skipholt 29, 105 Reykjavík

Peter Aplin, Lenka Hlavata,
Hilary Belcher

FÉLAGSADILD

MARKMIÐ

Auka daglegar mætingar félaga í 35 með því að gera úthringingar og kynningar skilvirkari.

NÚVERANDI ÁSTAND

Daglegar mætingar eru í kringum 32.

RÖK

Með góðu úthringikerfi fá bæði gamlir og nýir félagar þau skilaboð það þeir séu mikilvægir, eftirsóttir og að þeirra sé saknað. Að auki getur Klúbburinn Geysir auðveldlega tekið við allt að 40 félögum. Fleiri félagar þýða meiri umsvif í húsinu og möguleikann á enn fjölbreyttari starfsemi.

Framkvæmdaþrep	Dagsetningar
Kynna og ræða á húsfundi	8. desember 2010
Nota úthringiblöð Mosaic House fyrir nýja féлага sem sniðmát til að gera slík blöð fyrir Geysi. Blöðin auðvelda úthringingar til muna, sérstaklega fyrir féлага, því á þeim er mynd og listi yfir það sem viðkomandi féлага finnst áhugavert að gera.	janúar 2011
Nota sms og tölvupóst til viðbótar við hringingar til að ná til félaga. Finna leiðir til að virkja féлага betur til að taka þátt í úthringingum.	janúar 2011
Vera tveir um að hringja/sendu sms/sendu tölvupóst (starfsmaður + félagi).	apríl 2011
Breyta gagnagrunni Geysis yfir í Salesforce.	apríl - desember 2011

Ljúka við kynningar til félagsmálayfirvalda og sjúkrastofnana. Bæta við kynningum hjá öðrum "úrræðum" fyrir geðfatlaða, hjá sálfræðingum, hjá geðlæknum og e.t.v. hjá heimilislæknum. Fara árlegan hring eftir það.	maí 2011
---	----------

Áætluð lok fyrir markmiðið:

desember 2011

Þetta markmið er byggt á viðmiðunarreglu nr.:

7

TENGL STARFSFÓLKS OG FÉLAGA

MARKMIÐ

Færa starfsfólk reglulega milli deilda og hvetja félagar til að gera það sama svo allir þekki alla starfsemi klúbbsins.

NÚVERANDI ÁSTAND

Hver deild hefur sterka menningu, sem getur hindrað nægilega frjálst flæði um húsið.

RÖK

Þegar starfsmaður er fjarri í RTR afleysingu, í vaktfrí, sumarfrí eða veikur, hefur annað starfsfólk frábært tækifæri til að "ganga í öll störf". Ef allt starfsfólk þekkir til hlítar alla starfsemi hússins verður það líka næmara fyrir álagspunktum í öðrum deildum en eigin (t.d. rétt fyrir hádegi eða daginn fyrir útgáfu Litla Hvers). Með því að færa starfsfólk milli deilda fá félagar mjög gott tækifæri til að hjálpa starfsmönnum að læra nýtt starf. Þetta gæti líka orðið til þess að félagar verði öruggari að prófa ný verk og taka ábyrgð á ákveðnum verkum þegar starfsmenn eru fjarri.

Framkvæmdaþrep	Dagsetningar
Kynna og ræða á húsfundi	12. janúar 2011
Hanna "kynningar á öðrum deildum" fyrir starfsfólk og félagar	febrúar 2011
Skipta mánaðarlega á tveimur starfsmönnum milli deilda þar til allir starfsmenn hafa prófað báðar deildir (þ.m.t. framkvæmdastjóri).	mars – desember 2011
Skipa félagar sem aðstoðarmann starfsmanns sem hefur fært sig um deild.	mars 2011

Áætluð lok fyrir markmiðið:

desember 2011

Þetta markmið er byggt á viðmiðunarreglu nr.:

10

RÝMI

MARKMIÐ

Styrkja heilsustefnu klúbbsins með því að setja upp Litlu Ræktina

NÚVERANDI ÁSTAND

Ekkert æfingasvæði. Sturta virkar ekki.

RÖK

Margir félagar þurfa stuðning til að bæta líkamlegt ástand sitt en treysta sér ekki til að vera í hefðbundinni líkamsræktarstöð. Litla Ræktin ætti að bjóða upp á möguleika fyrir alla til að stunda einhverja hreyfingu.

Frankvæmdaþrep	Implementation Date
Kynna og ræða á húsfundi	23. febrúar 2011
Setja upp teymi (félagar og starfsfólk) til að taka til og hreinsa svæði í kjallaranum, setja upp cross-trainer og gera við sturtuna. Teymið ákveður líka og setur upp önnur tæki ef þarf.	febrúar/mars 2011
Fá faglegan þjálfara til að tala um líkamlegt ástand og vellíðan	febrúar 2011
Fá líka heilbrigðisstarfsmann til að tala um áhrif reglulegrar hreyfingar til góðs í geðrænum veikindum.	mars 2011
Fá ráð frá sérfræðingum og öðrum klúbbhúsum varðandi skipulagið.	mars 2011

Áætluð lok fyrir markmiðið:

mars 2011

Þetta markmið er byggt á viðmiðunarreglum nr.:

13 og 27

VINNUMÍÐAÐUR DAGUR

MARKMIÐ

Auka úrval á framboði verka fyrir félaga

NÚVERANDI ÁSTAND

Félagar eru mjög sjaldan í úthringingum. Félagar hafa ekki tekið þátt í sumum stjórnunarstörfum innan klúbbsins. Með nokkrum undantekningum fara félagar í eldhúsdeild að tygja sig upp úr hádegisverði og félagar í skrifstofudeild byrja að mæta um 10.30.

RÖK

Fjölbreyttari verk veita félögum aukið val og möguleikann á virkni allan daginn. Það færir þeim einnig aukna tilfinningu fyrir eignaraðild og aukið stolt yfir klúbbum.

Frankvæmdaþrep	Dagsetningar
Kynna og ræða á húsfundi	26. janúar 2011
Hafa þankahrið til að finna fleiri áhugaverð verk í hverri deild til að skapa tækifæri til fullrar virkni allan daginn.	janúar/febrúar 2011
Búa til spjald sem rifjar upp fyrir félögum alla kosti þess að taka þátt í starfi Geysis og þau verk sem bjóðast og hengja það upp á áberandi stað.	febrúar 2011
Nota nýju úthringiblöðin í skrifstofudeildinni eftir hádegi til að hvetja félaga til að mæta snemma næsta morgun.	janúar 2011
Hafa sér morgun- og eftirmiðdagstöflur í báðum deildum.	febrúar 2011
Setja upp kerfi þannig að félagar sem hafa verið í RTR starfi geti leyst af í því síðar.	mars/apríl 2011
Breyta gagnagrunninum í Salesforce.	apríl – desember 2011
Setja upp fagnaðarverði fyrir félaga í vinnu og félaga í námi (sitt hvorn).	apríl/maí 2011
Kynna Batastjörnuna og hefja notkun hennar	júní 2011
Setja upp námsteymi sem skrifar bækling um námsstuðning Geysis og gera allt námsframboð aðgengilegt	ágúst 2011

Áætluð lok fyrir markmiðið:

desember 2011

Þetta markmið er byggt á viðmiðunarreglu nr.:

20

ATVINNA

MARKMIÐ

Fá 3 ný RTR störf

NÚVERANDI ÁSTAND

5 RTR störf – 2 skrifstofustörf, 1 eldhússtarf og 2 húsvarðarstörf.

RÖK

Fleiri RTR störf bæta heildarvirkni klúbbsins og félaganna. Með þeim opnast fleiri félögum dyr og hjálpar þeim að verða virkir í samfélaginu.

Framkvæmdaþrep	Dagsetningar
Kynna og ræða á húsfundi. Frá hugmyndir frá félögum um hvers kyns RTR störf þeir hafa áhuga á. Ræða hvað félagar fá út úr RTR.	9. mars 2011
Setja upp sérstakt teymi með starfsfólki, félögum og stjórnarmönnum til að gera áætlun að því að finna fleiri RTR störf.	mars/apríl 2011
Kynna og halda fagnaðarverði fyrir vinnandi félaga. Sjá einnig í VINNUMIÐUÐUM DEGI.	apríl/maí 2011
Nota og uppfæra áætlun teymisins til að fá RTR störf	apríl – desember 2011
Setja upp kerfi þannig að félagar sem hafa verið í RTR starfi geti leyst af í því síðar. Sjá einnig í VINNUMIÐUÐUM DEGI.	apríl – desember 2011

Áætluð lok fyrir markmiðið:

desember 2011

Þetta markmið er byggt á viðmiðunarreglu nr.:

21

MENNTUN

MARKMIÐ

Gera upplýsingar um námsframboð aðgengilegri.

NÚVERANDI ÁSTAND

Nokkuð stór hluti félaga er nú þegar í einhvers konar námi en upplýsingar um námsframboð og möguleika mætti vera sýnilegri og aðgengilegri.

RÖK

Menntun opnar dyr og gefur félögum aukna tilfinningu fyrir árangri og bætur sjálfsmynd þeirra. Hún veitir einnig aukna atvinnumöguleika.

Framkvæmdaþrep	Dagsetningar
Kynna og ræða á húsfundi	6. apríl 2011
Setja upp menntunarteymi til að skrifa bækling og gera námsframboð aðgengilegra. Sjá einnig í VINNUMIÐUÐUM DEGI.	apríl/maí 2011
Kynna og halda fagnaðarverði fyrir félaga í námi. Sjá einnig í VINNUMIÐUÐUM DEGI.	ágúst 2011
Fara um menntastofnanir og kynna klúbbinn fyrir námsráðgjöfum.	september 2011

Áætluð lok fyrir markmiðið:

september 2011

Þetta markmið er byggt á viðmiðunarreglu nr.:

25

VIRKNI KLÚBBSINS

MARKMIÐ

Gera upplýsingar um stuðning sem Klúbburinn veitir félögum sýnilegri.

NÚVERANDI ÁSTAND

Margir félagar eru ómeðvitaðir um hversu mikinn stuðning þeir geta fengið hjá klúbbum.

RÖK

Ef félagar vita um allt sem Klúbburinn býður upp á, munu þeir koma oftar og hafa enn betra álit á klúbbum.

Framkvæmdaþrep	Dagsetningar
Kynna og ræða á húsfundi	4. maí 2011
Búa til spjald sem rifjar upp alla þá aðstoð sem klúbburinn getur veitt og hengja upp á áberandi stað.	maí 2011

Áætluð lok fyrir markmiðið:

maí 2011

Þetta markmið er byggt á viðmiðunarreglu nr.:

27

FJÁRMÖGNUN, STJÓRNUN OG FRAMKVÆMD

MARKMIÐ

Virkja stjórnina til að hjálpa til við ýmis störf, s.s. fjármögnun, finna fleiri RTR störf, málsvörn, almannatengsl o.s.frv.

NÚVERANDI ÁSTAND

Um helmingur stjórnar kemur ekki á fundi og er óvirkur. Aðrir eru viljugir en uppteknir og hafa ekki frumkvæði.

RÖK

Stjórnin ætti að hjálpa klúbbum í hvívetna. Stjórnarmeðlimir hafa tengslanet umfram félag og starfsmenn, sem getur haft mjög jákvæð áhrif á ímynd klúbbsins, starfsemi og fjármögnun.

Framkvæmdaþrep	Dagsetningar
Kynna og ræða á húsfundi	20. apríl 2011
Hafa þankahríð fyrir "virkjunarhugmyndir" og hugmyndir um hvernig hægt sé að fá nýja stjórnarmeðlimi	maí 2011
Hafa sérstakan stjórnarfund (ekki einn af þeim reglubundnu) til að ræða þessar hugmyndir nánar.	maí 2011
Þjóða þeim stjórnarmeðlimum sem eru ekki sérlega áhugasamir eða of uppteknir að hætta. Eftir það þarf að taka ákvörðun um hvort bæta eigi við stjórnina eða hafa færri í henni (í núverandi stjórn eru 12 manns).	maí 2011

Áætluð lok fyrir markmiðið:

maí 2011

Þetta markmið er byggt á viðmiðunarreglu nr.:

32

Rauði þráður áætlunarinnar er að auka fjölbreytni verka innan klúbbsins sem og að auka virkni og tilfinningu um eignarhald hjá félögum.

Framkvæmdaáætlunin 2011 verður kynnt í grófum dráttum þann 25. nóvember og rædd í beinu framhaldi af því. Áætlunin er byggð á hugmyndum starfsfólks og félaga, sem safnað var áður en haldið var í þjálfun, svo að hún ætti að endurspegla það sem Klúbburinn Geysir þarf og vill. Félögum og starfsfólki gefst hins vegar kostur á að koma með vel ígrundaðar breytingatillögur sem verða teknar með í reikninginn ef samhljóma álit er um þær.

Hver liður áætlunarinnar verður síðan kynntur nánar og ræddur í samræmi við dagsetningarnar sem settar eru fram í áætluninni.